



## 1630. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
20.9.2017, kl. 11:30

### 1. Fundargerð 1629. fundar

Samþykkt.

### 2. Ársfundur Íslenskra getrauna.

Lögð fram ársskýrsla Íslenskra getrauna og umræður um hana. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ræða við ÍG um mögulegt samstarf um átak til að efla getraunasölu og að óska eftir yfirliti yfir stöðu mála varðandi sölu hjá Reykjavíkurfélögunum.

### 3. Umsókn Víkings um styrk til eflingar getraunastarfs.

Samþykkt.

### 4. Viðræðunefnd vegna aðstöðumála Víkings.

ÍBR hefur fengið boð um að tilnefna fulltrúa í viðræðunefnd um aðstöðumál Víkings ásamt fulltrúum félagsins og borgarinnar. Samþykkt að Frímann verði fulltrúi ÍBR.

### 5. Erindi ÍSÍ um Íþróttaviku Evrópu.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að skoða mögulega þátttöku í vikunni.

### 6. Verkefni stjórnar.

Farið yfir verkefnin, þau tímasett og mönnuð.

Fundi slitið kl. 13:05.

Frímann Ari Ferdinandsson ritaði fundargerð.